

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd Alþingis
Sent með tölvupósti á umsagnir@althingi.is

Blönduósi, 14. maí 2024

Málsnúmer: 154. löggjafarþing 2023–2024. 930. mál

Efni: Athugasemdir Veiðifélags Blöndu og Svartár við frumvarp til laga um lagareldi.

Veiðifélag Blöndu og Svartár (hér eftir „**veiðifélagið**“) gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um lagareldi (hér eftir „**frumvarpið**“) sem er til umfjöllunar í atvinnuveganefnd.

1. Atburðir haustsins

Við reglubundið eftirlit á laxastiga í Blöndu síðasta haust varð varaformaður veiðifélagsins var við óvenjulega umferð laxa miðað við árstíma. Um var að ræða stóra og nýlega fiska sem algengara er að séu á ferðinni á þessum slóðum snemma sumars. Fiskarnir voru fangaðir með háf og kom þá í ljós að þeir voru með skýr eldiseinkenni. Var þá ákveðið í snatri að loka laxastiganum á þann hátt að fiskar gátu ekki gengið hann. Þetta er upphafið að sögu sem síðar rataði í fjölmiðla hér á landi og víðar um heim.

Næstu daga mátti varaformaður veiðifélagsins ásamt aðstoðarmönnum standa í ströngu í laxastiganum, dag eftir dag, við að fanga eldislax sem reyndi að ganga ána. Þegar upp var staðið náðist að fanga 55 eldislaxa en auðvitað er óvitað hversu margir eru eftir í ánni, bæði neðan stiga og hversu margir höfðu gengið fyrir lokun. Greining Hafrannsóknastofnunnar hefur leitt í ljós að alla þessa fiska, að einum undanskildum sem þarf frekari rannsóknir, má rekja til kvíar Arctic Fish í Kvígindisdal.

Beinn kostnaður við þessar aðgerðir var rúmlega 4,5 milljón króna og er þá ótalinn kostnaður við alla skipulagningu og samskipti innan veiðifélagsins, samskipti við stjórnvöld og Landssamband veiðifélaga. Þegar þessi orð eru rituð hefur ekki króna af þessum kostnaði fengist endurgreidd, hvorki frá stjórnvöldum né frá Arctic Fish.

2. Hvað er í húfi?

Í Veiðifélagi Blöndu og Svartár eru 92 lögbýli. Fjölskyldur og einstaklingar sem reiða sig á tekjur af veiðihlunnindum áнна skipta hundruðum. Árnar er lífæðar sveitanna. Nú þegar er opið sjókvíaeldi á frjóum norskum laxi farið að hafa neikvæð áhrif á þessa lífæði. Beinn kostnaður er farinn að hrannast upp og neikvætt umtal farið að hafa áhrif á eftirspurn veiðileyfa. Hvort tveggja eru þó smámunir miðað við þær hörmungar sem framundan eru ef sjókvíaeldi verður áfram stundað í óbreyttri mynd. Erfðablöndun, lús og sjúkdómar úr sjókvíaeldi munu valda hnignun og mögulegri útrýmingu á villtum laxastofnum áнна. Afleiðingar þess á sveitirnar í Langadal, Blöndudal og Svartárdal mun verða miklar og erfiðar.

Með því að leyfa sjókvíaeldi í þeirri mynd sem það er stundað í dag er löggjafinn að heimila mengandi iðnað sem á endanum mun leiða til útrýmingar villtra stofna og útrýmingar heillar atvinnugreinar og tekjulindar fyrir landsbyggðina. Slíkt má ekki gerast.

3. Athugasemdir við frumvarpið

Að mati veiðifélagsins eru það einkum eftirfarandi þættir sem þarf að breyta í frumvarpinu:

- Banna þarf notkun á frjóum laxi í sjókvíaeldi. Erfðablöndun er lang hættulegasta og varanlegasta afleiðing sjókvíaeldis á villta laxastofna. Hefur það verið niðurstaða í ársskýrslu norskra sjálfstæðra sérfræðinga (Vitenskapelig rad for lakseforvaltning) mörg undanfarin ár.
- Herða þarf reglur um strok og þurfa afleiðingar þess að vera miklar. Eðlilegt er að hugmyndir um skerðingu framleiðsluheimilda sem voru í frumvarpinu á fyrri stigum verði endurvaktar og útfærðar betur.
- Herða þarf reglur um lús þannig að villtum stofnum stafi ekki hætta af. Veita þarf eftirlitsaðilum heimildir til að slátra fiski ef lús fer yfir 0,1 á hvern fisk að meðaltali og þarf slíkt að leiða til skerðingar framleiðsluheimilda.

4. Að lokum

Veiðifélagið harmar að ekki skuli hafa verið gengið faglegar til verks af hendi Fiskistofu sem gaf út aðgerðaáætlun þann 12. september 2023. Þá þegar hafði laxastiganum í Blöndu verið lokað og tæplega 30 laxar fangaðir. Að gefa út aðgerðaráætlun með úrræðum sem ekki henta öllum vatnasvæðum sem um ræðir eru ekki ásættanleg vinnubrögð.

Reikninga átti að senda á Fiskistofu eftir forskrift sem getur ekki á nokkurn hátt tryggt jafnræði milli veiðifélaga og gerði ráð fyrir því að veiðifélög bæru kostnaðinn sjálf í sumum tilfellum.

Hefur Fiskistofa óskað eftir því við ráðherra að fá aukin fjárframlög til að tryggja skaðleysi veiðifélaga?

Hver er aðgerðaráætlunin fyrir þetta sumar, á allt að vera eftirlitslaust, er það tryggt að eldisfiskurinn sem ekki veiddist gangi ekki upp í árnar nú í sumar?

Virðingarfyllt,
f.h. Veiðifélags Blöndu og Svartár

Guðmundur Rúnar Halldórsson, formaður
Guðmundur Haukur Jakobsson, varaformaður